



# *Sjalfsbjargar* **HEIMILIÐ**

## Ársskýrsla 2021

Lögð fram á landsfundi Sjalfsbjargar landssambands  
hreyfihamlaðra þann 30. apríl 2022

Virðing – gæði – samvinna



# EFNISYFIRLIT

<b>1.</b>	<b>STJÓRN</b> .....	<b>5</b>
<b>2.</b>	<b>SJÁLFSBJARGARHEIMILIÐ</b> .....	<b>6</b>
<b>3.</b>	<b>STARFIÐ 2021</b> .....	<b>7</b>
3.1	AÐGERÐIR VEGNA VIÐBRAGÐA VIÐ COVID-19 HEIMSFARALDRI .....	9
3.2	ÁGRIP AF STARFI STJÓRNAR .....	10
3.3	ÁVARP FORMANNS .....	11
3.4	SKRIFSTOFA .....	12
3.5	BÚSETA .....	13
3.6	ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ .....	15
3.7	ENDURHÆFINGARSUNDLAUG .....	17
3.8	FÉLAGSRÁÐGJÖF .....	17
3.9	MÖTUNEYTI .....	18
<b>4</b>	<b>ÁRSREIKNINGUR SJÁLFSBJARGARHEIMILISINS</b> .....	<b>19</b>

**Útgefandi:**

Sjálfsbjargarheimilið  
Hátúni 12, 105 Reykjavík  
Sími: 5500300

**Myndir:**

Ýmsir

**Ábyrgðarmaður:**

Þórdís Rún Þórisdóttir  
thordis@sbh.is

**Hönnun, umbrot og prentun:**

Gunnar Bjarni Guðmundsson / Pixel ehf.



# 1. Stjórn

Á landsfundi Sjálfsbjargar landssambands hreyfingamanna árið 2018 var gerð sú breyting að landsfundur skipar ekki lengur sjálfstæða stjórn fyrir Sjálfsbjargarheimilið (SBH). Frá þeim tíma að telja er stjórn Sjálfsbjargar Ish. jafnframt stjórn SBH. Stjórnin er kjörin á landsfundi Sjálfsbjargar landssambands hreyfingamanna í samræmi við lög samtakanna. Stjórnin fer með yfirstjórn SBH í umboði landsfundar Sjálfsbjargar Ish. Stjórnin er skipuð sjö einstaklingum og tveimur til vara en þetta árið var einungis einn varamaður.

Bergur Þorri Benjamínsson	Sjb. á höfuðborgarsvæðinu	formaður
Margrét Lilja Arnheiðardóttir	Sjb. á höfuðborgarsvæðinu	varaformaður
Ásta Þ. S. Guðjónsdóttir	Sjb. á höfuðborgarsvæðinu	gjaldkeri
Margrét S. Jónsdóttir	Sjb. á Suðurnesjum	ritari
Ólafía Ósk Runólfsdóttir	Sjb. í Bolungarvík	meðstjórnandi
Guðni Sigmundsson	Sjb. á mið-Austurlandi	meðstjórnandi
Björk Sigurðardóttir	Sjb. á höfuðborgarsvæðinu	meðstjórnandi
Hrafnhildur Kristbjörnsdóttir	Sjb. á höfuðborgarsvæðinu	varamaður



## 2. Sjálfsbjargarheimilið

Sjálfsbjargarheimilið var opnað í júlí árið 1973 af Sjálfsbjörg lands sambandi fatlaðra þegar fyrsti íbúinn flutti inn á heimilið. Um var að ræða nýja byggingu að Hátúni 12 í Reykjavík. Aðdragandinn að byggingunni á sér mun lengri sögu en fyrsta skóflustungan að henni var tekin árið 1966 og bar heimilið fyrstu árin nafnið Vinnu- og dvalarheimili Sjálfsbjargar en því var breytt árið 1995 í Sjálfsbjargarheimilið. Árið 1997 staðfestir stjórn skipulagsskrá fyrir SBH og segir þar m.a.: „Sjálfsbjargarheimilið er fyrir hreyfihamlað fólk er þarfnast aðstoðar og stuðnings við athafnir daglegs lífs. Markmið Sjálfsbjargarheimilisins er að: Gera íbúum kleift að lifa eins sjálfbjarga lífi og mögulegt er. Þess skal gætt að réttur þeirra til sjálfsákvörðunar sé virtur. Taka skal mið af þörfum hvers og eins og stuðla að innihaldsríku lífi.“

Starfsemin hefur síðan vaxið, dafnað og tekið umtalsverðum breytingum frá upphafi. Sjúkraþjálfun hófst (1978), dagvist er stofnuð (1979), sundlaugin er opnuð (1981). Rými fyrir skammtímadvöl er útbúið (1989), fyrsti iðjuþjálfinn ráðinn (1990), sjálfstæð stjórn SBH fyrst skipuð (1991). Endurhæfingaríbúð er tekin í notkun (1993), nýtt húsnæði vígt fyrir dagvistina (1994) og teknar í notkun tvær setustofur (1999). Þjónustumiðstöð Sjálfsbjargarheimilisins verður til við sameiningu iðjuþjálfunar og Dagvistar Sjálfsbjargarheimilisins (2002). Sjálfstæð búseta með stuðningi (2003) og Þekkingarmiðstöð SBH stofnsett (2012), Hjálpartækjaleiga eitt af verkefnum Þekkingarmiðstöðvar (2017). Þá hefur reksturinn stöðugt verið að taka breytingum og m.a. er áherslan núna á sjálfstæða búsetu með stuðningi og stærra íbúðarrými fyrir hvern íbúa. Á árinu (2020) var aukin áhersla sett á endurhæfingu og tekinn inn fyrsti íbúinn í slíkt prógram. Áfram er tekið inn í endurhæfingaríbúsetu (2021) og aukin

samvinna milli búsetu og Þjónustumiðstöðvar. Allir þjónustuþegar í búsetu búa nú í íbúðum sem eru frá 33 m<sup>2</sup> stórar þar sem fólk hefur fullnægjandi aðstöðu.

SBH hlaut viðurkenninguna Fyrirmyndarstofnun árin 2006, 2008, 2009 og 2013 og hlaut svo viðurkenninguna Stofnun ársins 2014. Á árinu 2020 hlaut SBH viðurkenninguna „Hástökkvari ársins“ í flokki ríkis- og sjálfseignastofnana en fór þá upp um 48 sæti. Stofnun ársins er verkefni á vegum Sameykis.

Í skýrslunni er greint frekar frá starfseminni en Sjálfsbjargarheimilið er rekið fyrir framlög úr ríkissjóði. Stofnunin er á föstum fjárlögum og hefur það fyrirkomulag verið við lýði frá árinu 1992.



### 3. Starfið 2021

Fjöldi stöðugilda var 54 á árinu 2021. Á hverju ári eru einhverjir starfsmenn að glíma við langtíma veikindi en fjöldi veikindadaga hefur farið niður á síðustu árum sem er mjög jákvætt. Á árinu 2021 voru veikindadagar starfsmanna 1718 en árið 2020 voru þeir 2031. Þetta er fækkun um rúmlega 300 daga milli ára eða rétt um 15%. Veikindi vegna barna eru töluvert fleiri árið 2021 ef miðað er við fyrra ár en þessir dagar voru 86 í samanburði við 37,5 daga árið á undan. Við þessu mátti búast þar sem yngra fólk hefur verið að veikjast af COVID-19 í meiri mæli á árinu 2021 en árið á undan einnig hefur samsetning starfsmannahóps áhrif.

Þann 1. janúar tók ákvæði kjarasamninga um vinnutímastyttingu gildi hjá dagvinnufólki og þann 1. maí tók sambærilegt ákvæði gildi fyrir vaktavinnufólk. Samhliða styttingu vinnuviku var innleitt nýtt viðverkerfi sem heldur utan um þessar miklu breytingar sem áttu sér stað í vinnufyrirkomulagi. Innleiðing á nýju viðverkerfið hefur gengið vel og í dag eru starfsmenn með smáforrit í símanum sínum sem þeir nota til að stimpla sig inn og úr vinnu.

Þann 1. janúar færðist Þekkingarmiðstöð yfir til Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra og starfsmaðurinn sómuleiðis. Búið var að samtvinnu starf ráðgjafa í Þekkingarmiðstöð saman við útleigu á hjálpartækjum og er þessu verkefni vel fyrir komið hjá Landssambandinu.

Starfsmenn tóku þátt í Lífshlaupinu og varð Sjálfsbjargarheimilið í 9unda sæti sem er ágætis árangur. Ýmislegt var gert á árinu til að létta lund en samkomutakmarkanir og aðgreining í sóttvarnarhólf hefur haft mikil áhrif. Þrátt fyrir takmarkanir var hattadagur á Öskudaginn, allir starfsmenn fengu páskaegg

og í byrjun sumars voru sett niður sumarblóm og svalirnar skreyttar listalega vel. Þorranum var blótað í febrúar og undir borðum var spilað á harmonikkju. Í desember var jólaþeysudagur og starfsmannafélagið dreifði gosdrykkjum og sælgæti um húsið. Vegna samkomutakmarkana og hólfaskiptingar var árleg vorferð starfsmannafélagsins felld niður annað árið í röð og sama átti við um árshátíð sem var ekki haldin á þessu ári. Eina tækifærið myndaðist í október fyrir starfsmenn að hittast utan vinnu en þá fóru starfsmenn saman út að borða. Vonandi verður hægt að endurvekja fyrri hefðir og hitta starfsfólk í góðu tómi fyrir utan vinnu þegar þessum faraldri líkur en reglur hafa verið strangar um blöndun starfsmanna til að koma í veg fyrir COVID-19 smit.

Starfsmenn, íbúar og þjónustuþegar voru bólusettrir á árinu og var þátttaka almennt góð. Nokkrir starfsmenn áttu starfsafmæli á árinu. Þórunn Kristjánsdóttir hjúkrunarfræðingur fagnaði 25 ára starfsafmæli, Pétur Smári Tafjord fagnaði 15 ára starfsafmæli og Sigríður Kristín Sveinsdóttir sjúkraliði fagnaði 10 ára

starfsafmæli. Tveir starfsmenn létu af störfum á árinu vegna aldurs. Þórey Einarsdóttir starfmaður í sundlaug lét af störfum eftir 30 ára starf og Sigríður Davíðsdóttir sjúkraliði lét af störfum eftir 16 ára starf. Er þeim þakkað fyrir samstarfið og góð störf í þágu Sjálfsbjargarheimilisins.

Um mitt árið var sett í loftið ný heimasíða [www.sbh.is](http://www.sbh.is) og áfram var miðlað upplýsingum til starfsmanna í gegnum Facebook síðu. Allt er snéri að takmörkunum og sóttvörum var póstað á FB síðuna þar sem ekki allir starfsmenn hafa aðgang að tölvupósti í gegnum vinnuna. Sjálfsbjargarheimilið fékk styrk frá nemendum í Fjöllbraut í Ármúla sem nýta á til kaupa á nýrri lyftu í sundlaug og starfsmenn þrjónuðu húfur fyrir fæðingarveild Landspítala sem voru afhentar til þeirra í október.

Hvildarrými var endurbætt og haldin var Októberfest vika í eldhúsinu þar sem boðið var upp á alls konar góðgæti sem tengist þeirri hátíð. Í nóvember voru haldnir starfsdagar en þar æfðu starfsmenn sig í skyndihjálp og fengu viðeigandi kennslu frá Rauða krossinum. Á árinu voru keypt tvö ný hjartastuðtæki svo að núna eru fjögur tæki staðsett víða um húsið, í sundlaug, Þjónustumiðstöð og tvö tæki eru í endurhæfingarbúsetu.

Töluvert var um fundi á árinu með aðilum sem tengjast rekstri Sjálfsbjargarheimilisins. Fundað var með Grensásdeild Landspítala og komu svo stjórnendur þeirra í heimsókn til að kynna okkar starfsemi. Einnig komu sérnámslæknar í heimsókn og fulltrúar Heilbrigðisráðuneytis komu í tvígang þar sem kynnt var fyrir þeim aukin áhersla á endurhæfingu og breyting á langtímabúsetu yfir í endurhæfingarbúsetu. Nýr framkvæmdastjóri og lögfræðingur Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu fengu kynningu á seinni hluta árs og forstöðumenn kynntu starfsemi Sjálfsbjargarheimilisins hjá endurhæfingarteymi Reykjavíkurborgar í efri byggð.

Starfsmenn tóku þátt í könnun um Stofnun ársins undir árslok og beðið er niðurstaðna en rúmlega helmingur tók þátt sem er betri þátttaka en hefur verið fyrri ár.

Á árinu var lagfærð starfsmannaaðstaða búsetuhluta og aðstaða hjúkrunarfræðinga sem nú er staðsett á 3ju hæðinni. Húsnæðið er orðið fallett og nútímalegt og hefur það jákvæð áhrif á starfsmenn og þjónustugega. Einhver endurnýjun var á búnaði og keyptir voru nýir stólar í aðstöðu íbúa í búsetu, sjúkrarúm og hjólastólar fyrir Þjónustumiðstöð.

Ýmislegt var gert til að létta lund íbúa og þjónustugega á árinu, farið var í leiki, samverustundir og hlúð að fólki eins og hægt var. Ættingjar voru hvattir til að koma í heimsókn en þær voru leyfðar allt árið undir ákveðnum formerkjum. Gott samstarf var við ættingja þegar kom að breytingum á fyrirkomulagi heimsókna og erum við þakklát fyrir skilning aðstandenda.

Svalirnar voru nýttar vel sem fyrr og venju samkvæmt voru gróðursett blóm og svalirnar gerðar huggulegar fyrir sumarið. Sett voru upp jólatré á stigapöllum og lagt í að skreyta þau með fallegum ljósum. Einnig voru sett fleiri jólaljós þetta árið innanhúss sem og utanhúss sem gladdi bæði íbúa og starfsmenn. Ekki var hefðbundið jólahlaðborð þetta árið vegna faraldursins en boðið var upp á huggulegan mat þegar búið var að skreyta matsalinn og vakti það lukku.

Nýr félagsráðgjafi, Anna Rós Jensdóttir, kom til starfa í mars og hefur hún verið mikilvæg viðbót við hóp fagfólks hjá Sjálfsbjargarheimilinu. Félagsráðgjafinn hefur sinnt verkefnum tengdum þjónustugegum bæði í búsetu og í Þjónustumiðstöðinni. Anna Rós hefur haldið utan um inntökuteymisfundi sem og endurhæfingarfundi, tekið viðtöl og veitt stuðning bæði til þjónustugega og aðstandenda.

Alls voru á árinu 2021 sex einstaklingar í endurhæfingarbúsetu á aldrinum 28 – 64 ára og í lok árs dvelja allir í búsetuhlutanum í íbúðum þar sem þeir hafa sitt eigið baðherbergi og eldhúskrók. Er þetta mikil framför frá því að vera með 12 m<sup>2</sup> herbergi sem í dag þykja óásættanlegar vistaverur. Smám saman er verið að breyta langtíma búsetu yfir í endurhæfingarbúsetu.

Inntökuteymið fundar reglulega og fer yfir umsóknir en hlutverk þess er að fjalla um umsóknir og meta endurhæfingarpörf umsækjenda. Að teyminu koma hjúkrunarfræðingar, iðjuþjálfar og félagsráðgjafi.

Endurhæfingarteymið hélt einnig reglulega fundi og á þeim fundum er farið yfir endurhæfingaráætlun þjónustugega. Endurhæfingaráætlun er stöðugt endurmetin og aðlöguð að hæfni hvers og eins. Sömu faghópar koma að endurhæfingarteyminu og eru í inntökuteymi en við bætist ráðgjöf frá sjúkráþjálfum og lækni eftir þörfum.

Þjónustumiðstöðinni var ekki lokað á þessu ári vegna COVID-19 þar sem reynsla fyrri árs sýndi að það hafði of mikil neikvæð áhrif á endurhæfingu þjónustugega. Allt var gert til að halda þessari einingu í fullri starfsemi og voru þjónustuhópar aðgreindir vegna sóttvarna. Um áramótin færðist umsjón sundlaugar yfir til Þjónustumiðstöðvar og hefur það fyrirkomulagt gert það að verkum að betri nýting fæst í sundlauginni til endurhæfingar. Áfram verður unnið að því að nýta sundlauginn til endurhæfingar enda er sundlaugin frábært verkfæri til þess.

Sundlaugin er komin til ára sinna en þjónar ennþá sínu hlutverki. Útleiga á lokuðum tímum er nokkuð stöðug en þó aðeins minni en gert var ráð fyrir enda þurfti að loka sundlauginni vegna tilmæla sóttvarnarlæknis um tíma á árinu. Ekki hefur tekist að endurnýja lyftubúnað við lauginn en það er mikilvægt að það verði gert í náinni framtíð. Töluvert hefur þurft að endurnýja búnað





í lauginni en hann er að mestu leyti upprunalegur og farinn að bila. Hluta af árinu var ekki leyfilegt að nýta laugina til fulls og farið var eftir reglum sóttvarnarlæknis í öllu.

Rekstur mótuneytisins hefur verið jafn og gengið vel og er almenn ánægja með matinn og fyrirkomulag hans. Áhrifa COVID-19 gætir að einhverju leyti í matsal þar sem gæta þarf vel að því að enginn nema starfsmenn skammti mat. Þetta hefur gengið vel og allir virða þessar reglur. Boðið er reglulega upp á grænmetisrétti og verið er að auka úrval ávaxta í eftirmat. Hópar hafa verið aðgreindir í matsal til að koma í veg fyrir smit.

Fjárhagslegur rekstur SBH var viðunandi á árinu 2021. Rekstrinum er fylgt vel eftir og var hann að mestu samkvæmt áætlun en vissulega eru breytingar á gjaldaliðum milli ára. Áfram var mikið keypt af spritti og möskum fyrir starfsmenn. Mönnun var stöðug á árinu og yfirvinna töluvert undir áætlun sem er ánægjulegt. Gott skipulag er á vöktum og nýtt viðverkerfi hjálpar mikið til við yfirsýn og vaktaskipulag. Í rekstrinum skiptir mestu máli að halda launalið í skefjum og það tókst á árinu en laun og launatengd gjöld er stærsti rekstarliður Sjálfsbjargarheimilisins. Úrdráttur úr ársreikningi fylgir með aftast í skýrslunni.

### 3.1 Aðgerðir vegna viðbragða við Covid-19 heimsfaraldri

COVID-19 var áfram fyrirferðarmikið á árinu 2021 rétt eins og árið á undan. Þessi faraldur hafði mikil áhrif á dagleg störf allra starfsmanna en á árinu gátum við stuðst við fyrri breytingar og ákvarðanir og við lærðum sannarlega mikið af árinu 2020. Starfsmenn eru almennt bólusettir en þó eru einhverjir sem hafa ekki valið að láta

bólusetja sig. Starfsemi var áfram hólfuð niður og lítill samgangur var á milli starfsmanna. Var þetta gert til að koma í veg fyrir að smit bærust á milli starfseininga og tókst það þar sem engin smit fóru á milli hólfá. Engin hópsmit komu upp á árinu en þó veiktust stöku starfsmenn af COVID-19. Miklar sóttvarnir voru viðhafðar aðrar en hólfaskiptingar og báru starfsmenn maska allt árið í vinnu sinni þegar ekki var hægt að halda fjarlægð við þjónustuþega.

Bólusetningar þjónustuþega gengu vel og var bólusett í húsinu af hjúkrunarfræðingum. Starfsmenn og stjórnendur voru á tánum allt árið þegar kom að skipulagi starfa með tilliti til sóttvarna og eiga þeir hrós skilið fyrir sitt framlag og árvekni. Sundlauginni var lokað um tíma samkvæmt tilmælum sóttvarnarlæknis og aðgengi að matsal var breytt til að halda aðgreiningu milli hópa.

Smit hafa komið upp hjá þjónustuþegum í þjónustumiðstöð en alltaf tókst að koma í veg fyrir útbreiðslu til annarra en þessum smitum fylgdi sóttkví og á aðfangadag fóru starfsmenn í sóttkví vegna smits hjá þjónustuþega. Engin smit greindust í kjölfarið hjá starfsmönnum en þetta hafði vissulega áhrif á jólahald þeirra.

Forstöðumaður hjúkrunar aðstoðaði Landlækni við bólusetningu í Laugardalshöll og brást við kalli heilbrigðisyrivalda um aðstoð. Starfsmenn og stjórnendur eru orðnir þreyttir á þessu ástandi rétt eins og aðrir í samfélaginu og ef lítið er tvö ár aftur í tíma hefði engann grunað að þessi faraldur myndi stjórna daglegu lífi með harðri hendi í tvö ár.

Heimsóknarreglur voru í stöðugri endurskoðun á árinu og stuðst var við ráðleggingar frá Landlækni, Almannaöörnum og Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu. Það hefur margt lærst af því að fara í gegnum heimsfaraldur og ljóst er að sumar breytingar eru komnar til að



10

vera. Upplýsingamiðlun og fræðsla var lykilatriði þegar kom að samskiptum við starfsfólk og var fésbókarsíða starfsmanna notuð til að ná til allra. Starfsmönnum er sérstaklega þakkað framlag þeirra og úthald í þessari baráttu.

### 3.2 Ágríp af starfi stjórnar

Helstu verkefni stjórnar eru að taka ákvarðanir í öllum meiriháttar málum er varðar starfsemi SBH, svo sem að móta stefnu fyrir heimilið, samþykkja rekstrar- og fjárhagsáætlanir hvers árs og öll meiriháttar útgjöld. Ársreikningur SBH er lagður fram á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra sem samþykkja ársreikninginn með undirskrift sinni. Skýrsla SBH og ársreikningur er kynnt á árlegum landsfundum Sjálfsbjargar Ish. Framkvæmdastjóri SBH er ráðinn af stjórn og annast hann daglegan rekstur SBH.

Haldnir eru stjórnarfundir að jafnaði mánaðarlega. Þó falla niður stjórnarfundir yfir hásumarið og í kringum jól og páska. Á árinu hélt stjórnin átta formlega bókaða stjórnarfundir og í lok árs höfðu alls verið haldnir 229 stjórnarfundir frá upphafi skipunar stjórnarinnar árið 1991. Annað árið í röð fór fundarhald að mestu leyti fram í gegnum fjarfundarbúnað vegna COVID-19 faraldursins.

Við upphaf hvers stjórnarfundar er farið yfir fundargerð síðasta fundar og hún lögð fram til samþykktar. Á árinu komu ýmis mál til umræðu. Reglulega er rætt um fjármál og lögð fram árshlutauppgjör. Í byrjun árs er lagt fram bráðabirgðauppgjör og fjárhagsáætlun fyrir komandi ár.

Stjórn var vel upplýst um aðgerðir vegna viðbragða við COVID-19 og var farið yfir stöðuna á hverjum stjórnarfundum ársins. Öll viðbrögð voru

samkvæmt tilmælum samráðshóps Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu, Landlæknis og Almannaþinganna.

Rætt var um vinnutímastyttingu starfsmanna en ákvæði í kjarasamningi tóku gildi á árinu og var þetta verkefni leyst í samstarfi við starfsmenn. Verkefni var viðamikilið og tímafrekt og stýrt af skrifstofunni.

Stjórn samþykkti að farið væri í stefnumótun og hófst sú vinna á árinu með leiðsögn frá sérfræðingum. Áætlað er að ljúka þessari vinnu á næsta ári. Lagt var fram minnisblað um framtíðarsýn Sjálfsbjargarheimilisins og vegferðina sem heimilið hefur átt frá stofnun og kynnt var greining Hrannar Pétursdóttur á stjórnarskipulagi samtakanna og rætt um framhaldið.

Breytingar á skipulagi eru lagðar fyrir stjórn og á árinu samþykkti stjórn m.a. breytingar á skipulagi í búsetuformi og að loka skyldi hjúkrunargangi 5. hæðar þar sem óásættanlegt er að bjóða upp á búsetu í litlum herbergjum með sameiginlegum salernum. Þetta er vegferð sem var hafin fyrir þó nokkrum árum og 5. hæðin var síðasta hæðin sem átti eftir að loka. Rætt var um fyrirkomulag endurhæfingar og verkferla því tengdu og tilfærslu þjónustuþega í búsetu milli hæða en stefnt er að því að þjónustuþegar SBH séu á 2., 3. og 4. hæð í C-álmu hússins. Samfara þessum breytingum flyst aðstaða starfsmanna á 3ju hæð og um leið styttist fjarlægð á milli þjónustuþega og starfsmanna. Stjórn samþykkti hækkun á gjaldskrá sem hafði verið óbreytt í tvö ár og innágreiðslu á lán sem hafði verið tekið vegna lífeyrisskuldbindinga.

Rætt var um samskipti við Heilbrigðisráðuneytið en á árinu komu fulltrúar ráðuneytis í tvígang í heimsókn til Sjálfsbjargarheimilisins þar sem þau fengu kynningu á þeim breytingum sem eru að eiga sér stað í starfsemi Sjálfsbjargarheimilisins í átt að frekari endurhæfingu. Á árinu var einnig fundað með Grensásdeild og tryggt samstarfið sem hefur verið við lýði í fjölmörg ár. Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu komu einnig í heimsókn á árinu og fengu kynningu á starfsemi Sjálfsbjargarheimilisins. Stjórnarstarfið gekk vel fyrir sig og á árinu var unnið að stórum og tímafrekum verkefnum sem teygðu sig yfir þó nokkurn hluta ársins.

### 3.3 Ávarp formanns

Stjórn samtakanna hélt átta formlega bókaða stjórnarfundir á árinu 2021 og í lok árs höfðu alls verið haldnir 229 stjórnarfundir frá upphafi skipunar stjórnar árið 1991. Annað árið í röð voru flestir stjórnarfundir rafrænir og er það fyrirkomulag komið til að vera að einhverju leyti. Fjarfundirnir gengu vel og eru allir orðnir vanir því fyrirkomulagi.

Á liðnu ári var COVID-19 fyrirferðarmikið eins og á fyrra ári og enn hefur tekist að halda þessum faraldri fyrir utan íbúa og þjónustupega að mestu leyti. Engin hópsmit hafa komið upp en vissulega hafa starfsmenn smitast af þessari veiru en hún hefur ekki náð neinni dreifingu. Þessu má þakka miklum og góðum sóttvörnum sem viðhafðar eru af starfsmönnum og stjórnendum. Hólfaskipting hefur verið við lýði allt árið sem þýðir að starfsmenn sitthvorra eininga blandast ekki saman. Það er vissulega erfitt og krefjandi að starfa í þessu ástandi og óskandi að þessu ástandi sem nú hefur staðið í næstum 2 ár, fari að ljúka. Flestir starfsmenn og íbúar/þjónustupegar eru bólusettil og hjálpar það mikið í þessari baráttu.

Kann ég stjórnendum og starfsmönnum Sjálfsbjargarheimilisins bestu þakkir fyrir þeirra framlag og árvekni í þessari baráttu. Haldið var vel utan um þær aðgerðir sem grípa þurfti til og var stjórn upplýst á hverjum stjórnarfundum um stöðuna. Gott upplýsingaflæði er lykilatriði í þessari baráttu. Áfram tók Sjálfsbjargarheimilið þátt í samstarfi Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu, Almanna- og Landlæknis vegna viðbragða við COVID-19 faraldrinum.

Fyrir utan það ástand sem COVID-19 skapar þá hefur starfsemi verið með hefðbundnu móti en á árinu tók í gildi vinnutímastytting starfsmanna sem er mikil kjarabót. Þann 1. janúar tók í gildi vinnutímastytting dagvinnufólks og þann 1. maí tók í gildi vinnutímastytting fyrir vaktavinnufólk. Verkefnið var flókið í útfærslu og ólíkt milli þessara hópa starfsmanna en samhliða vinnutímastyttingu var innleitt nýtt viðverkerfi sem styður við þessar breytingar. Starfsmenn eru ánægðir með þetta fyrirkomulag og hefur það gefist ágætlega.

Reksturinn var hefðbundinn og það var ekkert sem kom á óvart á liðnu ári. Vel er haldið utan um launalið en það er stærsti gjaldaliðurinn í rekstrinum. Á árinu voru endurnýjuð sjúkrarúm og annar búnaður sem var orðinn úreltur. Hjartastuðtækjum var fjölgað og starfsmenn fengu kennslu í skyndihjálp svo eitthvað sé nefnt. Starfsmannarými fyrir starfsmenn í aðhlyningu var endurnýjað sem og starfsmannarými hjúkrunarfræðinga og eru þessi rými nú á 3ju hæð í stað þeirra fimmtu.

Á árinu áttu þrjú starfsmenn starfsafmæli. Þórunn Kristjánsdóttir hjúkrunarfræðingur átti 25 ára starfsafmæli. Pétur Smári Tafjord starfsmaður á næturvöktum í aðhlyningu átti 15



Bergur Þorri Benjamínsson

ára starfsafmæli og Sigríður Kristín Sveinsdóttir sjúkraliði og starfsmaður á næturvöktum átti 10 ára starfsafmæli. Vil ég nota tækifærið og þakka þessum starfsmönnum og öðrum fyrir vel unnin störf í þágu heimilisins.

Áfram er unnið að því að efla þátt endurhæfingar á árinu var samstarf milli eininga sett í fastari farveg og voru inntökuteymi og endurhæfingarteymi virk í sínu starfi. Ákveðið var að loka hjúkrunarherbergjum á 5. hæð þar sem slík aðstaða er ekki ásættanleg til lengri búsetu. Gekk þetta verkefni vel og voru íbúar annað hvort færðir yfir í litlar íbúðir sem eru í húsinu eða útskrifaðir á hjúkrunarheimili vegna háls aldurs.

Á árinu 2021 voru tekin mikilvæg skref og endurhæfing sett í forgrunn í allri starfsemi Sjálfsbjargarheimilisins. Gott samstarf er við Grensásdeild og þegar eru komnir inn þónokkrir einstaklingar í endurhæfingarbúsetu auk þess sem Sjálfsbjargarheimilið sinnir endurhæfingu á dagdeild í Þjónustumiðstöðinni. Ljóst er að úrræði sem þetta hefur vantað og er mikilvægur hlekkur í endurhæfingu einstaklinga sem hafa orðið veikir eða lent í alvarlegum slysum. Grunn endurhæfing er oft ekki nægjanleg þar sem mjög mikil ásókn er í hana og sumir þurfa lengri tíma til að aðlagast breyttum aðstæðum og áskorunum sem fylgja því að veikast eða slasast alvarlega.

Ég lít björtum augum til framtíðar og bind vonir við að áform okkar verði Sjálfsbjargarfélögum, íbúum Sjálfsbjargarheimilisins, þjónustupegum í Þjónustumiðstöð Sjálfsbjargarheimilisins og öllum starfsmönnum samtakanna til heilla.

Ég vil að lokum þakka stjórnarmönnum og starfsmönnum Sjálfsbjargarheimilisins fyrir vel unnin störf í þágu þess á liðnu ári.

**Bergur Þorri Benjamínsson**

*Formaður stjórnar Sjálfsbjargar Ish.*

### 3.4 Skrifstofa

Skrifstofan starfar þverfaglega með öllum starfseiningum Sjálfsbjargarheimilisins. Lögð er áhersla á gott samstarf og miðlun upplýsinga til starfsmanna. Verkefni starfsmanna eru ólík en mikil samskipti eru við aðra stjórnendur á skrifstofunni sem er staðsett á 3ju hæð hússins.

**Dórdís Rún Dórisdóttir** er framkvæmdastjóri Sjálfsbjargarheimilisins og hefur starfað þar frá árinu 2017. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á á öllum daglegum rekstri Sjálfsbjargarheimilisins gagnvart formanni stjórnar. Vinnur stefnumótun og þróun framtíðarmarkmiða, sem og að koma stefnu stjórnar og ákvarðana hennar í framkvæmd. Framkvæmdastjóri hefur með höndum upplýsingagjöf út á við og ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlana. Annast samskipti við opinbera aðila og erlenda aðila. Heldur reglulega samráðsfundi með forstöðumönnum einstakra rekstrareininga og ber ábyrgð á meiri háttar ákvörðunum.



Dórdís Rún Dórisdóttir

12

**Hulda Gísladóttir** er skrifstofustjóri og hóf störf 1. febrúar 2020. Sem slíkur ber hún ábyrgð á öllu skrifstofuhaldi Sjálfsbjargarheimilisins, ábyrgð á bankareikningum greiðslum til viðskiptamanna. Hefur yfirumsjón með starfsmannamálum, túlkun kjarasamninga, innleiðingu nýrra tölvukerfa og ber ábyrgð á tölvubúnaði. Hefur umsjón og ábyrgð með framkvæmd verkefna vegna nýrra persónuverndarlaga og sinnir öðrum verkefnum sem tengjast starfsfólki.



Hulda Gísladóttir

**Kristín Rós Andrésdóttir** er bókarí og launafulltrúi Sjálfsbjargarheimilisins en hún hefur starfað á Sjálfsbjargarheimilinu frá árinu 2008. Hún ber ábyrgð á og færir allt bókhald, stemmir af og annast samskipti við endurskoðendur og forstöðumenn. Hún ber einnig ábyrgð á útreikningi launa og afstemmingum því tengdu.

#### Fjármál

Ársreiking fyrir árið 2021 má sjá aftast í skýrslunni. Ríkisframlagið fyrir árið 2021 voru 735 m.kr. en var 714,3 m.kr. árið 2020. Hækkunin milli ára var rúmar 20 m.kr. sem er svipuð hækkun og var á milli áráanna 2019 og 2020. Aðhaldsaðgerðum var viðhaldið og var rekstarafgangur á árinu. Helsti gjaldaliðurinn er launaliðurinn og var hann undir áætlun á árinu. Liðurinn Annar rekstarkostnaður var 155,4 m.kr. á árinu 2021 en hafði verið 136,4 m.kr. á árinu 2020 og 142,8 m.kr. á árinu 2019. Þessa hækkun má rekja til breytinga á uppgjöri milli Sjálfsbjargarheimilisins og Sjálfsbjargar landsambands hreyfihamlaðra vegna afnota af húsnæði.

Þegar tekið er tillit til fjármagnsliða er rekstrarniðurstaða ársins 2021 jákvæð um 27 m.kr. Þetta er örlítið lægra ef miðað er við fyrri ár en viðunandi miðað við rekstur fyrri ára. Að öðru leyti er vísað á ársreikninginn sem fylgir með aftast í þessari skýrslu.



Kristín Rós Andrésdóttir

## 3.5 Búseta

**Alda Ásgeirsdóttir** hjúkrunar- og lýðheilsufræðingur er forstöðumaður hjúkrunar hjá Sjálfsbjargarheimilinu. Sjálfsbjargarheimilið er endurhæfingarstofnun sem tekur á móti einstaklingum sem hafa lokið frumendurhæfingu en þurfa áframhaldandi aðstoð við að aðlagast breyttum aðstæðum og færni. Markmið Sjálfsbjargarheimilisins er að gera einstaklingum kleift að lifa eins sjálfbjarga lífi og mögulegt er og að koma fólki aftur út í lífið.

### Endurhæfing og búseta

Þeir sem dvelja á Sjálfsbjargarheimilinu í dag eru annars vegar í sjálfstæðri búsetu og hins vegar í endurhæfingarbúsetu til að hámarki 2ja ára. Á árinu var farið í skipulagsbreytingar sem höfðu staðið til. Deild á 5. hæð sem var með lítil herbergi og sameiginleg salerni var lokað. Er þá búið að loka öllum legudeildum í B - álmu, eins og byrjað var á fyrir nokkrum árum, en þessi rými eru mjög óhentug fyrir starfsemina og kom það berlega í ljós í COVID-19. Í dag búa því allir einstaklingar Sjálfsbjargarheimilisins sjálfstætt í íbúðum. Sú breyting sem hefur verið gerð að leggja meiri áherslu á endurhæfingu sem er skilgreint hlutverk Sjálfsbjargarheimilisins tekur einhver ár að ná fram og búseta verður því blönduð einhver ár enn en stefnt er að því að allir sem eru í búsetu verði í endurhæfingarbúsetu til allt að tveggja ára.

Hjúkrunarþjónusta er til staðar allan sólahringinn. Hvíldarpláss var endurnýjað og tekið í notkun en töluverð þörf er fyrir hvíldarpláss. Nýja hvíldarrýmið er hentugra þar sem salernis og baðaðstaða er orðin aðskilin frá öðrum og inni í íbúð viðkomandi. Á árinu voru 29 íbúar á Sjálfsbjargarheimilinu. Átta íbúar á 5. hæð í B - álmu og 21 íbúi sem bjó sjálfstætt í íbúðum í C - álmu. Hvíldarpláss voru tvö á 5. hæð og gátu nokkrir einstaklingar notið hvíldar hjá okkur þrátt fyrir COVID-19 og lokanir sem því fylgdi. Sjö einstaklingar útskrifuðust frá Sjálfsbjargarheimilinu á hjúkrunarheimili og einn einstaklingur fluttist í íbúð í C- álmu og er í endurhæfingu. Þó íbúum hafi fækkað um sinn er von á fleiri einstaklingum í endurhæfingarbúsetu á næstu mánuðum og mikil þróun í gangi tengt öllu því ferli.

### Starfsfólk

Með lokun deildar á 5. hæð flutti öll starfsmannaaðstaða á 3ju hæð í C - álmu og er nú hjúkrunarvaktin og starfsmannarýmið þar auk áhaldageymslu og aðstaða fyrir ræstingu á 2. hæð. Þetta hefur í för með sér töluvert hagræði fyrir starfsfólk og betri vinnuaðstöðu. Við höfum verið lánsöm þar sem hjá okkur starfar einvala hópur fólks og ekki hefur verið mikil starfsmannavelta. Fólk hefur staðið sig ótrúlega vel á þessum erfiðu tímum sem við erum búin að ganga í gegnum vegna COVID-19 með öllum þeim boðum og bönnum sem því hefur fylgt og síðan flutningur á starfsemi milli hæða. Nýtt



Alda Ásgeirsdóttir

vaktakerfi (MTP) var tekið í notkun og stytting vinnuvikunnar og er það allt komið á góðan skrið.

Læknar koma frá Heilsuvernd ehf. á fund hjúkrunarfræðinga einu sinni í viku þar sem farið er yfir mál íbúanna, eftir þörfum. Þess utan eru þeir á bakvöktum kvöld, nætur og um



helgar og á helgidögum. Þetta fyrirkomulag á læknaþjónustu hefur hentað starfseminni vel.

Á árinu vorum við í samvinnu við ráðgjafa VIRK og einnig IPS ráðgjafa hjá Reykjavíkurborg varðandi ósk þeirra um að koma einstaklingum til starfa hjá Sjálfbjargarheimilinu. Það gekk því miður ekki upp í þetta sinn, en við leggjum áherslu á samvinnu um að koma einstaklingum til starfa á ný.

### Faglegt starf

**Inntökuteymi**, sem samanstendur af hjúkrunarfræðingi, iðjuþjálfara og félagsráðgjafa hittist einu sinni í mánuði til að fara yfir innsendar umsóknir. Þar hefur verið mikil þróun í verklagi og alltaf verið að gera betur og bæta vinnulag eftir því sem þörf er á. Umsóknir berast jafnt og þétt og hefur gengið vel að sinna þeim umsóknum sem hafa komið inn undanfarið. Töluverð töf varð á í COVID-19 þar sem minna var um flutninga milli stofnana.

14

**Endurhæfingarteymi**, sem samanstendur af iðjuþjálfum, félagsráðgjafa, hjúkrunarfræðingum og sjúkráþjálfara, fundar tvisvar í mánuði. Þá er farið vel yfir endurhæfingaráætlanir og markmið hvers einstaklings sem er í endurhæfingu og staðan tekin um framhaldið.

**Teymisfundir** eru haldnir að meðaltali tvisvar sinnum í mánuði þar sem sitja hjúkrunarfræðingar og iðjuþjálfar. Fundirnir eru mikilvægir fyrir gott samstarf og til að fylgja málum einstaklinga eftir sem eru í búsetu.


**Stöðufundir** með starfsfólki í aðhlyningu og iðjuþjálfum eru nýlegir fundir sem voru settir á fót seint á árinu. Þar er rætt um mál einstaklinga sem eru í endurhæfingu og hvernig þeim gengur dagsdaglega að vinna að sínum markmiðum og hvað mætti betur fara. Hjúkrunarfræðingar og félagsráðgjafi hafa einnig setið fundina, en verklag þessa funda er í þróun.

**Gæðateymi** fundaði ekki oft á árinu vegna COVID-19 og sökum þess að áherslur voru aðrar þetta árið þar sem starfsfólk gat ekki hist í hópum. Reynt var að halda úti örfræðslu fyrir litla hópa og gekk það vel, en fræðsla fyrir starfsfólk í aðhlyningu hefur aðallega verið í höndum tveggja hjúkrunarfræðinga.

**7 manna fundir** voru fáir á árinu og þörfin ekki til staðar. Fundir verða haldnir áfram eftir þörfum, 1-2 sinnum á ári.

### Starfsemi ársins

Starfsemi ársins litaðist aftur töluvert af COVID-19 og þeim reglum sem þurfti að framfylgja. Heimsóknarbann var um tíma eða takmarkanir og mikið af starfsemi sem lifgar upp á hefur verið á bið, eins og ýmiskonar heimsóknir og uppákomur. Þorramaturinn var á sínum stað í matsal eins og venja er og var það með minna sniði en áður. Sumarblómin voru sett niður og fengum við góða hjálp frá fagaðilum þetta árið sem tengjast einum íbúa.



Veðrið var fallett og drukkið úti. Reynt var að nýta þau tækifæri sem gáfust og kaffi fært út þegar vel viðraði. Töluvert var um Bingó með góðum vinningum og boðið var upp á handsnyrtingu fyrir jólin. Lítið var um ferðir út úr húsi vegna COVID-19 þar sem sífellt var verið að breyta reglum, þær ýmist hertar eða létt á þeim á þessu gekk allt árið. Um jól og áramót var hátíðarkvöldverður í matsal. Margir voru í mat hjá okkur þar sem þeir komust ekki til sinna nánustu vegna veikinda á heimilum þeirra úti í bæ. Starfsfólk lagðist þar á eitt við að skapa notalega og hátíðlega stemningu.


Sigríður Davíðsdóttir sjúkraliði, hætti störfum um áramótin, vegna aldurs. Hún var búin að starfa í um 17 ár hjá Sjálfbjargarheimilinu. Við óskum henni velfarnaðar í framtíðinni og þökkum henni fyrir vel unnin störf.

### 3.6 Þjónustumiðstöð

**Valerie J. Harris** iðjubjálfi er forstöðumaður og yfiriðjubjálfi þjónustumiðstöðvar Sjálfsbjargarheimilisins (ÞMS). Markmið ÞMS er að veita endurhæfingu og stuðningsþjónustu sem gerir einstaklingum kleift að viðhalda og eða auka færni, búa lengur í eigin húsnæði og vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Þjónustan byggir á ákveðinni hugmyndafræði um endurhæfingu og heilsufar frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO). Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur skilgreint endurhæfingu sem:

*Endurhæfing er röð íhlutana sem þörf er á fyrir fólk sem býr við eða er líklegt að verði fyrir takmörkunum á færni í daglegu lífi vegna öldrunar og heilsubrestra, þ.m.t langvinnra sjúkdóma eða raskana, áverka eða slysa. Slíkar hömlur geta verið vegna skerðingar á hugrænni getu, sjón, heyrn, samskiptafærni, getu til að komast um, tengslamyndun eða starfsgetu. Endurhæfing eflir fólk á öllum aldri til að viðhalda eða ná aftur færni í daglegu lífi, lífa innihaldsríku lífi og hámarka lífsgæði. Endurhæfing er einstaklingsmiðuð heilsufarsaðgerð sem getur farið fram innan sérhæfðar endurhæfingarþjónustu (oft fyrir fólk með flóknar þarfir) eða sem hluti af annarri þjónustu vegna heilsubrestra eða fötlunar, til dæmis heilsugæslu, geðheilbrigðisþjónustu eða þjónustu við fólk með sjón- eða heyrnarskerðingu (Heilbrigðisráðuneytið, 2020)*

Myndin fyrir neðan frá Alþjóðlega flokkunarkerfinu um færni, fötlun og heilsu (WHO 2015) lýsir hvernig færni einstaklings á ákveðnu sviði ákvarðast af mjög flóknu samspili heilsufars og aðstæðna. Að efla einstaklinginn og fjölskyldu hans til að ná sem mestri færni í daglegu lífi og lífa innihaldsríku lífi er áskorun. Þjónusta þarf að vera fjölbreytt, sveigjanleg og fyrst og fremst einstaklings eða fjölskyldumiðuð með skýrum markmiðum og tímaramma.



Skilgreining frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni um endurhæfingu og heilsufar er höfð að leiðarljósi í starfsemi í Þjónustumiðstöðvar Sjálfsbjargarheimilisins.



Valerie J. Harris

Hjá ÞMS starfa 5 iðjubjálfar, þar af er einn þeirra forstöðumaður, 5 sérhæfðir aðstoðarmenn, og jógakennari (verktaki). ÞMS veitir 52 skjólstæðingum þjónustu. Af þessum hópi sem sækir þjónustu hjá ÞMS eru 6 í langtímabúsetu á Sjálfsbjargarheimilinu, átta eru í tímabundinni endurhæfingu með búsetu eða á dagstatus. Aðrir eru í viðhaldsendurhæfingu og búa í eigin húsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Meðalaldur þjónustuþega var rétt tæp 56 ár árið 2021, sá yngsti er fæddur árið 1995 en sá elsti er fæddur árið 1947.

Langflestir sem sækja um í ÞMS koma í beinu framhaldi af frumendurhæfingu á Grensásdeild Landspítala. Mikil áhersla er lögð á að hafa þjónustuna samfellda svo að einstaklingar byrja oftast 2-3 vikur bæði á Grensásdeild og ÞMS. Dögum á Grensásdeild fækkar síðan og dögum í ÞMS fjölga. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel en því miður vegna COVID-19 máttu einstaklingar ekki vera á tveimur heilbrigðisstofnunum á sama tíma árið 2021. Aðrir skjólstæðingar koma frá taugasviði Reykjalundar, í gegnum heilsugæsluna og á eigin vegum með stuðningi frá heimilislæknum.

#### Skjólstæðingsmiðuð þjónusta

Að hafa aðgang að þessari þjónustu eflir og styrkir skjólstæðinga og styður við fjölskyldur. Fagfólk, sem getur gripið inn í þegar færni eða fjölskyldumynstur breytist, getur skipt öllu máli fyrir skjólstæðinga og aðstandendur þeirra. Þjónustan í ÞMS styðst við skjólstæðingsmiðaða þjónustu, en með þeirri þjónustuaðferð tekur skjólstæðingurinn virkan þátt í að efla eigin heilsu og endurhæfingu í samvinnu við fagfólkið sem sýnir þörfum hans og óskum virðingu og skilning. Með því móti er hægt að setja markmið sem leiða til breytinga. Endurhæfingarættun með markmið og tímaáætlun er unnin fyrir hvern og einn og endurmetin á sex mánaða fresti, að lágmarki. Endurhæfingarættun einstaklinga



16

í tímabundinni endurhæfingu eru í höndum endurhæfingarteymis og markmið og íhlutun skipulögð af þverfaglegu teymi. Þjónustan er veitt þar sem hennar er þörf í samfélaginu á forsendum einstaklingsins. Hún er mjög fjölbreytt og miðast við þarfir hvers og eins.

### Þjónustuþegar

Áhersla er á að umsækjendur um þjónustu ÞMS séu á aldrinum 18 til 67 ára. Eftir 67 ára aldur er aðeins gert ráð fyrir takmarkaðri þjónustu t.d. 1-2 dögum á viku að hámarki. Einstaklingar sem hafa fengið þjónustu í ÞMS og eru að verða 67 ára fá markvissa þjálfun og stuðning til að kanna þjónustu eldri borgara og tengjast þeirri þjónustu. Undantekning er þó gerð frá þessari reglu ef einstaklingar geta ekki nýtt sér öldrunarþjónustu vegna fötlunar og þurfa áfram sérhæfða þjónustu.

### Árið 2021

COVID-19 hélt áfram að hafa áhrif á starfsemi ÞMS og sundlaugina 2021 eins og 2020. Munurinn var sá að með því að fylgja vel sóttvarnareglum og ráðleggingum frá samráðshóp Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu, Landlæknis og Almannavörnum ásamt mikilli samstöðu þjónustuþega og starfsmanna þurfti ekki að loka fyrir þjónustu heldur nægði að breyta henni. Starfsmenn héldu áfram að standa saman sem ein heild og vildu allt gera til að bera ekki smit í hús eins og árið á undan. Þjónustuþegar máttu ekki mæta ef smit kom upp í nærumhverfi þeirra eða ef þeir voru með minnstu einkenni.

Stórt skref var tekið í byrjun árs þegar þjónustuþegum var boðið upp á bólusetningu við COVID-19 í ÞMS með góðri aðstoð frá hjúkrunarfræðingum heimilisins. Starfsmenn mættu svo saman eftir köllun í Laugardalshöll í bólusetningu. Seinna á árinu fóru flestir í

örvunarskammt og margir fengu aðstoð frá starfsmönnum til að mæta í Laugardalshöll. Árið 2021 var hætt að skipta starfsmönnum ÞMS í tvö sóttvarnarhólf. Verktökum var leyft að koma í ÞMS en einstaklingar sem búsettir eru úti í samfélaginu og þeim með búsetu á Sjálfsbjargarheimilinu var haldið aðskildum. Þetta var gert til að minnka líkur á að fá hópsmit á heimilinu sem þýddi að þjónustan var skert. Í haust var svo byrjað að slaka aðeins á þessum aðskilnaði en samt tryggja að hóparnir voru ekki í sama vinnuherbergi.

Íðjubjálfar fóru á milli deilda og var ýrtruðu sóttvörnum fylgt þegar þau voru að sinna einstaklingum í langtímabúsetu og þeim í tímabundinni endurhæfingu. Ákveðið var að leyfa þeim sem eru í tímabundinni endurhæfingu að taka þátt í þjálfun með þeim sem búsettir eru út í bæ. Ekki var hægt að seinka endurhæfingu þessa hóps meira en árið 2020 var búið að seinka endurhæfingaáætlun þeirra í tímabundinni endurhæfingu mjög mikið.

Áhrif COVID-19 á alla þjónustuþega og starfsfólk á eftir að koma í ljós. Því miður hafa mjög margir þjónustuþegar misst niður færni í þeirra daglega lífi vegna faraldurinn. Að geta ekki tekið þátt í samfélaginu hefur gríðarlega neikvæð áhrif á heilsu manna. Alvarlegust er einangrun, tilbreytingalaust líf og kvíði um að fá COVID-19 sem hefur haft áhrif á þjónustuþega og starfsmenn. Til að byggja fólk upp var áhersla lögð á samveru og að fagna við hvert tilefni sem gafst hvort sem það var Eurovision, Hrekkjavaka eða sólmyrkri. Boðið var uppá ýmsar nýngar eins og konfektgerð og Pub Quiz til að virkja fólk aftur. Næstu árin þurfum við að halda áfram að vera meðvituð um að vernda og efla andlega heilsu þjónustuþega og starfsmanna. Það þarf líka að safna saman þeim dýrmætu upplýsingum og reynslu sem við höfum frá síðustu 2 árum þó við vonum að við þurfum ekki á þessum upplýsingum að halda í framtíðinni.

Eftir 2021 er undirrituð mjög þakklát samstöðu þjónustuþega, aðstandenda og öllum starfsmönnum Sjálfsbjargarheimilins. Sérstakir þakkir fá hinir forstöðumenn og framkvæmdastjóri fyrir stuðning og hæfileika til að finna lausnir utan kassans!





### 3.7 Endurhæfingarsundlaug

Sundlaugin er innilaug, sem er sérstaklega útbúin fyrir hreyfihamlaða og því með góðu aðgengi og lyftubúnaði. Laugin er 16.67 metrar á lengd og er vatninu haldið 32 gráðu heitu að jafnaði. Sundlaugin er nýtt til endurhæfingar fyrir íbúa heimilisins og þjónustuþega þjónustumiðstöðvar. Boðið er upp á vatnsleikfimi og sundtíma með þjálfurum. Til stendur að auka framboð á endurhæfingu í vatni og bjóða upp á flotnámskeið og jafnvel zumba og yoga. Einnig er boðið upp á opna tíma fyrir einstaklinga með hreyfihömlun sem geta ekki notað almenningslaugar. Aðstaðan er einnig leigð út til félagasamtaka og hópa.

Síðustu tvö ár hafa einkennst mikið af takmörkunum og óvissu og var sundlaugin til að mynda lokuð í um einn og hálfan mánuð á árinu 2021. Við höfum dregið mikinn lærdóm af þessum tíma og nýtt okkur hann með því að endurskipuleggja ýmsa þætti í starfsemi og til að betrubæta verkferla, aðstöðu og þjónustu til þjónustuþega sundlaugarinnar. Eftirspurn eftir lokuðum tímum í lauginni hefur haldist stöðug og alls voru skráðar 5735 heimsóknir í sundlauginu á árinu 2021.

### 3.8 Félagsráðgjöf

**Anna Rós Jensdóttir** er félagsráðgjafi Sjálfsbjargarheimilisins og hóf hún störf í mars 2021. Félagsráðgjafi vinnur samkvæmt heildarsýn sem er sú hugmyndafræðilega nálgun í vinnuaðferðum hans. Hann vinnur samkvæmt siðareglum félagsráðgjafa og hefur þær í heiðri í sínum störfum: „Grundvöllur félagsráðgjafar er virðing fyrir manngildi og sérstöðu hvers einstaklings og trú á getu hans til að nýta hæfileika sína til fullnustu. Markmið félagsráðgjafar er að vinna að lausn félagslegra og persónulegra vandamála og sporna við félagslegu ranglæti. Félagsráðgjafi vinnur gegn mannréttindabrotum hvar svo sem þau eiga sér stað.“

#### Endurhæfing eftir áföll

Endurhæfing eftir veikindi eða slys sem valda heila- og taugaáverkum getur valdið miklum breytingum í lífi fólks sem bregðast þarf við af fagaðilum innan heilbrigðiskerfisins. Endurhæfing miðar að því að auka við færni fólks í athöfnum daglegs lífs og er mismunandi hvernig sú færni er bætt hjá viðkomandi aðila. Þjónustuþegi sem stundar endurhæfingu hjá Sjálfsbjargarheimilinu þarf oft margskonar aðstoð við að aðlaga sig að nýrri og breytttri veröld. Það gerir hann með því að læra nýjar aðferðir til að takast á við líf sitt. Þessum veikindum fylgir áfall fyrir þann aðila sem fullfrískur var fyrir, en svo má einnig segja um aðstandendur sem standa honum næstir. Færni og geta sem fyrir hendi voru áður hefur minnkað

Bæst hefur í starfsmannahóp sundlaugarinnar en nýr stjórnandi, Valerie J. Harris, tók formlega við umsjón sundlaugarinnar 2021 en hún er forstöðumaður þjónustumiðstöðvar Sjálfsbjargarheimilisins. Nýr laugarvörður, Tryggvi Rósmundarson, hóf einnig störf í sundlauginni og tók laugarvarðarréttindi ásamt Ríkeyju Gunnarsdóttur laugarverði um vorið. Bæði sóttu viðeigandi skyndihjálparnámskeið og nýttu þau vitneskjuna til að betrubæta öryggisbúnað og ferla í sundlauginni.

Á fyrri hluta árs barst Sjálfsbjargarheimilinu styrkur upp á 100.000 krónur frá Styrkleika, fyrirtæki ungra frumkvöðla og nema í Fjölbrot í Ármúla. Í Styrkleika eru Valur Snær Gottskálksson, Wafika Jarrah og Milica Anna Milanovic en þau hönnuðu og seldu armbönd og rann ágóðinn af verkefninu til Sjálfsbjargarheimilisins. Til stendur að nýta styrkinn í kaup á nýrri lyftu fyrir sundlauginu.

Helstu upplýsingar um opnunartímar og tilkynningar um sundlauginu er hægt að nálgast á [sbh.is](http://sbh.is) og facebook síðu þjónustumiðstöðvarinnar.



Anna Rós Jensdóttir

og jafnvel tapast alveg og þarf því oft að endurskipuleggja líf og aðstæður þjónustuþegans og fjölskyldunnar.

#### Hvað gerir félagsráðgjafi hjá Sjálfsbjargarheimilinu?

Félagsráðgjafi leggur áherslu á að valdefla alla þjónustuþega Sjálfsbjargarheimilisins en með valdeflingu er lögð áhersla á að efla persónulega styrkleika og sjálfsstyrk einstaklingsins. Félagsráðgjafi veitir einstaklings-

og fjölskylduviðtöl og leggur áherslu á sálfélagslegan stuðning og ráðgjöf. Verkefni félagsráðgjafa eru fjölbreytt og snúa að ólíkum þáttum innan samfélagsins og tekur mið að því hvar þjónustuþegi er staddur og leitast við að tengja saman þjónustukerfi. Félagsráðgjafi fylgist með framvindu þeirra í því skyni að bæta hag og velferð og kemur að undirbúningi fyrir útskrift hvort heldur úr endurhæfingu eða sjálfstæðri búsetu með stuðningi. Fjölskyldufundur er haldinn og þörf fyrir aðstoð metin m.t.t. félags- og hjúkrunarþjónustu í framhaldi.

### Þverfagleg teymisvinna

Aukin áhersla hefur verið á þverfaglega teymisvinnu í endurhæfingu

Sjálfsbjargarheimilisins og hefur undirritaður félagsráðgjafi komið að þróunarverkefni í sambandi við tilurð þeirra. Með teymisvinnu næst viðtækari sýn á líf og aðstæður þjónustuþegans. Endurhæfingateymi er myndað utan um þjónustuþega í endurhæfingu og fer samsetning teymisins eftir hvaða þarfir liggja fyrir hjá þjónustuþega sem og fjölskyldu. Framlag innan teymisvinnu felur í sér samspil ólíkra heilbrigðisstarfsmanna sem vinna að samþættingu í endurhæfingu. Að teyminu koma hjúkrunarfræðingar, iðjuþjálfar, sjúkraþjálfarar, félagsráðgjafi og eftir þörfum lækna og talmeinafræðingar. Samráð er mikilvægur þáttur í endurhæfingu með það að markmiði að skapa þjónustuþegum ákjósanlegustu skilyrði til að ná heilsu. Teymin hittast reglulega til að fara yfir hvar þjónustuþeginn og markmið hans standa.

## 3.9 Mötuneyti

**Garðar Halldórsson** matreiðslumeistari er forstöðumaður mötuneytis Sjálfsbjargarheimilisins og stýrir daglegum rekstri þess. Mötuneytið er opið 365 daga á ári og þar er boðið upp á morgunmat, hádegismat, síðdegiskaffi og kvöldmat fyrir íbúa Sjálfsbjargarheimilisins. Að auki sinnir mötuneytið margskonar verkefnum svo sem veislum og stórafmælum og fleiri viðburðum eftir þörfum. Grunnstarfsemin er þó að sjá íbúum fyrir mat alla daga ársins og þjónustuþegum í Þjónustumiðstöð.

Árið 2021 var sérstakt vegna COVID-19 rétt eins og árið á undan. Það var jólamatur í stað hefðbundins jólahlaðborðs og Þorrablótið var líka með breyttu sniði líka í ár. Það náðist að halda kveðjuhóf fyrir Þórey Einarsdóttir deildarstjóra í sundlaug sem lét af störfum á árinu vegna aldurs en þá hafði hún unnið á Sjálfsbjargarheimilinu í tæp 30 ár.

Starfsmönnum var að hluta til áfram skipt í tvær aðskildar vaktir sem hittust ekkert í vinnu eða fyrir utan vinnu og var þetta gert til að takmarka álagið ef það hefði komið upp smit vegna COVID-19. Mikið hefur lærst á þessum 2 árum sem COVID-19 hefur verið og einhverjar breytingar eru komnar til að vera t.d. aðgreining hópa í matsal, það er að fólk mætir á ákveðnum tíma í mat og yfirgefur svo matsalinn áður en næsti hópur kemur í mat. Fjárfest var í nýjum gardinum á árinu sem bíða uppsetningar. Verða þær til mikilla bóta og létta yfirbragðið á matsalnum.


Lögð var áhersla á að skreyta matsalinn við hin ýmsu tilefni eins og á Hrekkjavöku, um jólin og svo voru haldnir bleikir dagar og þá var allt skreytt. Er þetta gert til að brjóta upp hversdagsleikann. Vanalega er grillað á sumin en í ár var veðrið ekkert sérstaklega gott og svo hafði COVID-19 áhrif á að ekki var talið æskilegt að húa fólki saman í grill. Meira og minna allt árið var matur sendur í þar til gerðum vögnum í



Garðar Halldórsson

Þjónustumiðstöðina til að koma í veg fyrir blöndun ólíkra hópa sem eru í þjónustu.

Starfsfólk mötuneytis heldur sínu striki, hefur góðan og fjölbreyttan mat á hverjum degi og mest eldað frá grunni. Ekki hefur verið svigrúm til að vera með salatbar en það breytist vonandi á nýju ári. Breytingar hafa verið gerðar á smurða brauðinu á kvöldin fyrir íbúa og hefur það mælst vel fyrir. Áfram er lögð áhersla á að allir séu ánægðir og glaðir og fáir hollan og góðan mat.



# Ársreikningur Sjálfsbjargarheimilisins 2021



## Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar .....	2
Áritun endurskoðanda .....	3 - 4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstreymi .....	7
Skýringar .....	8 - 10

21

Sjálfstjórnun  
Kennitala 500573-0159  
Hátún 12, 105 Reykjavík

## Skýrsla stjórnar

### Meginstarfsemi félagsins

Sjálfsbjargarheimilið var sett á stofn 1973 af Sjálfsbjörg landssambandi hreyfihamlaðra. Starfsemi Sjálfsbjargarheimilisins er skilgreind sem endurhæfing og boðið er uppá endurhæfingu með búsetu og/eða á dagdeild. Búseta er að hámarki til 2 ára og að þeim tíma loknum geta þjónustupegar haldið áfram sinni endurhæfingu á dagdeild. Aðrir þjónustupegar eru í endurhæfingu á dagdeild. Starfandi eru þverfagleg inntöku- og endurhæfingarteymi. Fjölbreytt flóra sérfræðinga starfa hjá Sjálfsbjargarheimilinu, s.s félagsráðgjafi, iðjubjálfar og hjúkrunarfræðingar. Einnig er unnið í nánu samstarfi við sjúkrabjálfa og lækna. Á vegum Sjálfsbjargarheimilisins er einnig rekin endurhæfingar sundlaug, hvíldarrými, eldhús og þvottahús.

### Starfsemin á árinu

Framlag ríkisins til rekstursins í fjárlögum 2021 nam 735 milljónum króna og er það 2,9% hækkun frá fyrra ári. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2021 námu bókfærðar eignir heimilisins 32 millj. kr. en skuldir 140 millj. kr. Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi var neikvætt um 108 millj. kr. í árslok 2021.

Stöðugildi hjá heimilinu á árinu 2021 voru 54 og launagreiðslur heimilisins námu 572 millj. kr. á árinu.

Með ársreikningi fylgir fimm ára samanburður á rekstrar- og efnahagstölum.

Covid 19 faraldurinn hafði óveruleg áhrif á starfsemi félagsins á árinu 2021. Stjórnendur búast við að áhrifin 2022 verði líka óveruleg.

### Ráðstöfun rekstrarafgangs

Stjórnin vísar til eiginfjárfirlits vegna ráðstöfunar á rekstrarafgangi ársins.

### Fjárhagsleg staða

Rekstur félagsins á árinu 2021 var rekinn með rúmlega 27 milljóna króna hagnaði. Lífeyrisskuldbindingar fyrrverandi starfsmanna hjá Sjálfsbjargarheimilinu við B-deild eldri réttindakerfis LSR - Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, var breytt í ársbyrjun 2016 með samningi um uppgjör lífeyrisskuldbindinga milli ríkissjóðs og Samtökum fyrirtækja í velferðapjónustu. Uppgjörið var gert með verðtryggðum skuldabréfum útgefnum af Lífeyrissjóði ríkisins með 84 mánaða afborgunum frá apríl 2020 og voru þau færð til skuldar á langtímaskuldir heimilisins. Eignir hvers árs eru gjaldfærðar en safnast ekki upp á efnahagsreikning, en það og uppgreiðsla lífeyrisskuldbindinga hefur neikvæð áhrif á eigið fé heimilisins.

### Samþykkt ársreiknings

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við bókhald heimilisins, í samræmi við lög um ársreikninga og lög um fjárreiður ríkisins. Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra Sjálfsbjargarheimilisins er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu, efnahag þess á árinu 2021 og breytingum á handbæru fé á árinu 2021. Allar skuldbindingar heimilisins koma fram í ársreikningnum. Engir tengdir aðilar hafa áhrif á rekstur heimilisins, ef frá er talin notkun Sjálfsbjargarheimilisins á húsnæði Sjálfsbjargar landsambands hreyfihamlaðra.

Ársreikningur heimilisins er lagður fram á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra Sjálfsbjargarheimilisins.

Reykjavík, 21. mars 2022

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Margrét Lija Ádalstansd.  
 Margrét Sigríður Jónsd.  
 Ásta Þorlís Skjalddal  
 Þórunn Þorsteinsson  
 Ólafía Ósle Rúnildsd.  
 Þórunn Sigrúna Þórunn  
 Hrafnhildur Kristbjörnsson

Þórunn Þorsteinsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar Sjálfsbjargarheimilisins

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sjálfsbjargarheimilisins fyrir árið 2021, að undanskilinni skýrslu stjórnar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu heimilisins á árinu 2021, efnahag þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

### Ársreikningurinn innifelur:

- Skýrslu stjórnar
- Rekstrarreikning ársins 2021.
- Efnahagsreikning 31. desember 2021.
- Sjóðstreymi ársins 2021.
- Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla stjórnar er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

### Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

### Óhæði

Við erum óháð heimilinu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi heimilisins. Við uppfylfum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Ábending vegna rekstrarhæfis

Við vekjum athygli á sérstakri umfjöllun í skýrslu stjórnar og skýringu 13 þar sem fjallað er um fjárhagsstöðu heimilisins.

### Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn og framkvæmdarstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar sem lá fyrir við áritun okkar. Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi heimilisins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdarstjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum heimilisins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning heimilisins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa heimilið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi heimilisins. Stjórnendum heimilisins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álitum okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álitum okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits heimilisins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi heimilisins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að heimilið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirbyggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 21. mars 2022

**PricewaterhouseCoopers ehf.**

*Ljósbrá Baldursdóttir*

Ljósbrá Baldursdóttir  
lögilltur endurskoðandi



## Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýringar	2021	2020
<b>Rekstrartekjur</b>			
Ríkisframlag .....		735.099.995	714.300.000
Aðrar rekstrartekjur .....		<u>27.576.648</u>	<u>24.445.194</u>
	4	<u>762.676.643</u>	<u>738.745.194</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	5	572.042.003	564.781.858
Annar rekstrarkostnaður .....		<u>155.482.864</u>	<u>136.417.186</u>
		<u>727.524.867</u>	<u>701.199.044</u>
<b>Rekstrarhagnaður</b>		35.151.776	37.546.150
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) .....	6	<u>(7.548.262)</u>	<u>(8.822.776)</u>
		<u>(7.548.262)</u>	<u>(8.822.776)</u>
<b>Hagnaður ársins</b>		<u><u>27.603.514</u></u>	<u><u>28.723.374</u></u>

25

## Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýringar	2021	2020
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....	7	3.065.402	2.916.683
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	8	3.472.614	2.181.790
Handbært fé .....	9	24.992.333	21.054.410
		<u>31.530.349</u>	<u>26.152.883</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>31.530.349</u>	<u>26.152.883</u>
 <b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Ójafnað tap .....	10	(108.111.091)	(135.714.605)
		<u>(108.111.091)</u>	<u>(135.714.605)</u>
<b>Skuldir</b>			
Skuldir í íslenskum krónum .....	11	54.129.817	80.776.396
		<u>54.129.817</u>	<u>80.776.396</u>
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir .....		11.304.775	9.852.904
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	11	12.736.428	16.155.279
Aðrar skammtímaskuldir .....		57.555.550	54.898.560
Skuld við tengda aðila .....	12	3.914.870	184.349
		<u>85.511.623</u>	<u>81.091.092</u>
<b>Skuldir samtals</b>		139.641.440	161.867.488
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>31.530.349</u>	<u>26.152.883</u>
 Almennar upplýsingar			
Grundvöllur reikningsskila	1		
Samanburðarfrjárhæðir	2		
Fjárhagsleg staða	3		
Fimm ára yfirlit	13		
	14		

26

## Sjóðstreymi ársins 2021

	Skýringar	2021	2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður ársins .....		27.603.514	28.723.374
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Verðbætur og gengismunur langtímaskulda .....	11	963.248	2.644.513
		<u>28.566.762</u>	<u>31.367.887</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Birgðir .....	7	(148.719)	(101.129)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	8	(1.290.824)	951.336
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		4.108.861	(4.252.784)
		<u>2.669.318</u>	<u>(3.402.577)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<u>31.236.080</u>	<u>27.965.311</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Afborganir langtímalána .....	11	(31.028.678)	(30.747.069)
Tengdir aðilar, breyting .....		3.730.521	(1.807.689)
		<u>(27.298.157)</u>	<u>(32.554.758)</u>
<b>Hækkun/lækkun á handbæru fé</b>		3.937.923	(4.589.447)
Handbært fé í byrjun árs .....	9	21.054.410	25.643.857
<b>Handbært fé í árslok</b>		<u>24.992.333</u>	<u>21.054.410</u>

27

## Skýringar

### 1. Almennar upplýsingar

Sjálfsbjargarheimilið er endurhæfingarstofnun sem var stofnuð árið 1973 af Sjálfsbjörg landssambandi hreyfihamlaðra. Sjálfsbjargarheimilið rekur framhaldsendurhæfingu fyrir einstaklinga með heila- og taugaskaða sem hafa fengið frumendurhæfingu á sjúkrastofnunum. Boðið er upp á endurhæfingu með búsetu eða á dagdeild. Einnig er rekin endurhæfingarsundlaug, mótuneyti og þvottahús.

Sjálfsbjargarheimilið er ekki skattskyld.

### 2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og árið á undan. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

### 3. Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

### 4. Innlausn tekna

Stærstu tekjuliður heimilisins eru framlög frá ríkinu samkvæmt fjárlögum. Framlögin greiðast mánaðarlega í jöfnum fjárhæðum. Aðrar tekjur félagsins felast fyrst og fremst í sölu á þjónustu og mat í Hátúni 12.

#### Vörusala

Tekjur af vörusölu eru færðar við afhendingu.

#### Sala á þjónustu

Tekjur af veittri þjónustu eru færðar á því tímabili þegar þjónustan er veitt.

### 5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:	2021	2020
Laun .....	450.132.657	447.974.698
Mótframlag í lífeyrissjóð .....	70.216.910	72.466.613
Önnur launatengd gjöld .....	51.692.436	44.340.547
	<u>572.042.003</u>	<u>564.781.858</u>

Fjöldi ársverka á reikningsárinu voru 54 (2020: 54).

### 6. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	Banka- reikningar	Langtíma- eign / skuld	Aðrir liðir	Samtals 2021	Samtals 2020
Vaxtatekjur og verðbætur .....	86.823	0	121.829	208.652	394.585
Vaxtagjöld og verðbætur .....	0	(7.607.550)	(149.364)	(7.756.914)	(9.217.361)
	<u>86.823</u>	<u>(7.607.550)</u>	<u>(27.535)</u>	<u>(7.548.262)</u>	<u>(8.822.776)</u>

### 7. Birgðir

Birgðir greinast þannig:	2021	2020
Matvælabirgðir .....	3.065.402	2.916.683
	<u>3.065.402</u>	<u>2.916.683</u>

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði sé það lægra.

## Skýringar

### 8. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	2021	2020
Viðskiptakröfur .....	2.522.047	1.268.593
Aðrar skammtímakröfur .....	950.567	913.197
	<u>3.472.614</u>	<u>2.181.790</u>

### 9. Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### 10. Eigið fé

#### Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Ójafnað tap
<b>Hreyfingar 2020:</b>	
Staða í ársbyrjun .....	(164.437.979)
Hagnaður ársins .....	28.723.374
Staða í árslok .....	<u>(135.714.605)</u>
<b>Hreyfingar 2021:</b>	
Staða í ársbyrjun .....	(135.714.605)
Hagnaður ársins .....	27.603.514
Staða í árslok .....	<u>(108.111.091)</u>

29

### 11. Langtímaskuldir

Skuldir í íslenskum krónum:	2021	2020
Verðtryggðar skuldir. Vextir 3,7% .....	66.866.245	96.931.675
	<u>66.866.245</u>	<u>96.931.675</u>
Langtímaskuldir samtals .....	<u>66.866.245</u>	<u>96.931.675</u>

Framangreind vaxtahlutföll eru vegnir meðalvextir viðkomandi lánaflokka í samræmi við vaxtakjör lána í árslok. Lánið er tilkomnið vegna uppgjors á lífeyrisskuldbindingum heimilisins.

Afborganir af langtímaskuldum heimilisins í árslok 2021 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2022 .....	12.736.428
Árið 2023 .....	12.736.428
Árið 2024 .....	12.736.428
Árið 2025 .....	12.736.428
Árið 2026 .....	12.736.428
Síðar .....	<u>3.184.107</u>
	66.866.245

Langtímaskuldir samtals kr. 66.866.245, koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir ársins 2022, færðar meðal skammtímaskulda .....	12.736.428
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar .....	<u>54.129.817</u>
	66.866.245

## Skýringar

### 12. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar Sjálfsbjargarheimilisins eru Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra, framkvæmdarstjórn samtakanna og aðrir lykilstarfsmenn. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

	2021	2020
Tekjur .....	1.841.908	1.014.246
Gjöld .....	46.165.979	14.196.486
<i>Skuldir við tengda aðila</i>		
Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra .....	3.914.870	184.349

### 13. Fjárhagsleg staða

Í árslok 2021 var eigið fé Sjálfsbjargarheimilisins neikvætt um 108 millj. kr. Skuldir heimilisins nema samtals 140 millj. kr., þar af eru langtímaskuldir 54 millj. kr. og skammtímaskuldir 86 millj. kr. Veltufjárhlutfall er 0,37. Eins og fram kemur í skýringu 11 eru langtímaskuldir tilkomnar vegna uppgjörs á lífeyrisskuldbindingum heimilisins.

Þrátt fyrir lágt veltufjárhlutfall og neikvætt eigið fé telur stjórn Sjálfsbjargarheimilisins að í ljósi ríkisframlags og annarra fjármögnunarmöguleika sé ekki hættu á greiðslufalli hjá heimilinu í nánustu framtíð.

### 14. Fimm ára yfirlit

Fimm ára yfirlit félagsins greinist þannig:

	2021	2020	2019	2018	2017
<b>Rekstur</b>					
Ríkisframlag .....	735.100	714.300	694.200	670.400	641.500
Aðrar tekjur .....	27.577	24.445	28.651	29.405	28.242
Rekstrartekjur .....	762.677	738.745	722.851	699.805	669.742
Rekstrargjöld .....	(727.525)	(701.199)	(691.202)	(696.060)	(688.400)
Hagnaður f. fjárm.liði .....	35.152	37.546	31.649	3.746	(18.658)
Fjármagnsliðir .....	(7.548)	(8.823)	(7.165)	(7.610)	(5.793)
Hagnaður (tap) ársins .....	27.604	28.723	24.484	(3.864)	(24.451)
<b>Efnahagur</b>					
Veltufjármunir .....	31.530	26.153	31.593	7.275	7.574
Eignir samtals .....	31.530	26.153	31.593	7.275	7.574
Eigið fé .....	(108.111)	(135.715)	(164.438)	(188.922)	(185.058)
Skuldbindingar .....	0	0	0	0	0
Langtímaskuldir .....	54.130	80.776	111.638	121.936	118.309
Skammtímaskuldir .....	85.512	81.091	84.393	74.261	74.324
Eigið fé og skuldir .....	31.530	26.153	31.593	7.275	7.574



